Skjáskot af vef Reykjavíkurborgar, tekið 21. október 2020 – auglýsing á tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Sjá auglýsingu á vef Reykjavíkurborgar: https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/skerjafjordur-th5

Þjónusta > Skipulagsmál > Skipulag í kynningu

# Skerjafjörður Þ5

Deiliskipulag

**Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.**

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. júlí 2020 og borgarráðs Reykjavíkur þann 2. júlí 2020 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Nýja Skerjafjörð. Tillagan gerir ráð fyrir uppbyggingu um 700 íbúða, leikskóla, grunnskóla, bílageymsluhúsi, verslun, þjónustu og útivistarsvæðum. Tillagan gerir einnig ráð fyrir nýjum vegtengingum til austurs, suður fyrir Reykjavíkurflugvöll, sem er eingöngu ætluð almenningssamgöngum, gangandi og hjólandi vegfarendum. Tillagan fellir úr gildi eldra deiliskipulag frá 16. janúar 1986, br. 1999. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **16. september 2020 til og með 28. október 2020.** Einnig má sjá tillöguna á vefnum, **www.reykjavik.is, skipulag í kynningu.** Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 28. október 2020. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

***Umhverfis- og skipulagssvið notar þær persónugreinanlegu upplýsingar sem settar eru fram vegna athugasemda við skipulag, s.s. kennitölu, nafn og netfang í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna borgarbúa. Upplýsingar eru ekki afhentar þriðja aðila. Að auglýsingarferli loknu eru gögn varðveitt í 30 ár og flytjast að þeim tíma liðnum til Þjóðskjalasafns Íslands skv. lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Nánari upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga hjá Reykjavíkurborg má finna hér.***

***Vakin er athygli á því að athugasemdir teljast til opinberra gagna í allri skipulagsmeðferð og birtast meðal annars nöfn borgarbúa í fundargerðum umhverfis- og skipulagsráðs.***

Skerjafjörður Þ5

**Tímabil**

16.09.2020 til 28.10.2020

**Tengd skjöl**

- skerjafjordur_th5_deiliskipulagsuppdr.pdf
- skerjafjordur_th5_skyringaruppdr.pdf
- skerjafjordur_th5_skuggavarpsuppdr.pdf
- skerjafjordur_th5_greinargerd_og_almennir_skipulagsskilmalar.pdf
- skerjafjordur_th5_serskilmalar.pdf
- skerjafjordur_th5_honnunarleidbeiningar.pdf
- skerjafjordur_th5_skyrlsa_minjasafns_reykjavikur.pdf
- skerjafjordur_th5_drog_ad_skyrslu_borgarsogusafns_reykjavikur_nr._204_
- skerjafjordur_th5_skyrsla_eflu_um_jardkonnun_og_mengunarrannsoknir_
- skerjafjordur_th5_skyrsla_eflu_um_hljodvist.pdf
- skerjafjordur_th5_samgongumat_eflu.pdf
- skerjafjordur_th5_skyrsla_eflu_um_vindgreiningu.pdf
- skerjafjordur_th5_minnisblad_eflu_ur _vidauki_a.pdf

Vantar þig aðstoð?